



Áfram merki um veikingu vinnumarkaðarins

Fólki á vinnumarkaði fækkar mikið milli mánaða

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar er áætlað að um 201.300 manns hafi verið á vinnumarkaði í nóvember 2019, sem jafngildir 77,8% atvinnuþátttöku. Af þeim voru 194.100 starfandi og 7.200 atvinnulausir. Starfandi fólki fækkaði um 8.100 milli mánaða og um 4.900 frá nóvember í fyrra. Atvinnulausum fækkaði hins vegar um 200 milli mánaða og fjölgaði um 1.300 frá nóvember í fyrra.

Starfandi fólki fjölgaði mikið í uppsveiflu síðustu ára sem nú er að ljúka og virðist sem fjölgun starfandi fólks sé einnig að gefa eftir.

Mismunandi merki um atvinnuleysi




Eins og áður segir voru 7.200 manns atvinnulausir í nóvember samkvæmt vinnumarkaðskönnun, eða um 3,6% af vinnuafli. Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar voru 8.279 manns á atvinnuleysisrá í lok nóvember og hafði fjölgað um 579 frá lokum október.

Frá því í nóvember í fyrra hefur skráðum atvinnulausum fjölgað um 3.202 manns, eða um 63%. Atvinnulausum körlum hefur fjölgað um 1.937 (72%) og konum um 1.265 (53%).

Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða hefur verið mjög svipað síðustu mánuði, bæði á mælikvarða Hagstofunnar og Vinnumálastofnunar og var þannig 3,4% nú í nóvember.

Atvinnuþátttaka áfram á leið niður á við

Atvinnuþátttaka í nóvember var 77,8% og hefur ekki verið jafn lág í einum mánuði síðan í september 2011. Atvinnuþátttaka er auðvitað háð hagsveiflunni hverju sinni og bent hefur verið á það í Hagsjám að minni atvinnuþátttaka kunni að fela í sér dulið atvinnuleysi. Meðal atvinnuþátttaka síðustu 12





mánaða var 81,1% í nóvember og hefur leitað nær stöðugt niður á við síðustu mánuði. Samsvarandi atvinnuþáttaka hefur ekki verið jafn lítil síðan í september 2013.

Vinnutími að styttest til lengri tíma

Vikulegur vinnutími var að jafnaði 38,9 stundir í nóvember og hafði lengst um 0,9 stundir frá fyrra ári. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal var vinnutíminn nú í nóvember 39 stundir sem er 0,1 stundum minna en í nóvember 2018. Vinnutími hefur smám saman verið að styttest frá árinu 2016.

Vinnuafslnotkun breytist lítið




Séu breytingar á fjölda starfandi og vikulegum vinnutíma teknar saman milli ára hefur vinnuafslnotkun aukist nær samfelld allt frá árinu 2012. Frá nóvember 2018 fram til nóvember 2019 fækkaði starfandi fólki um 2,5% á meðan meðalvinnutími lengdist um 2,4%. Þetta felur í sér að vinnuafslnotkun minnkaði um 0,1% milli ára. Á síðustu 12 mánuðum hefur breyting vinnuafslnotkunar verið jákvæð í átta mánuðum og neikvæð í fjórum. Sé lítið til þeirrar þróunar má því enn halda því fram að vinnumarkaðurinn sé í nokkuð góðu lagi.

Áfram neikvæð teikn á lofti og óvissa framundan

Fyrr á árinu var reiknað með töluvert auknu atvinnuleysi eftir því sem liði á árið og að staða á vinnumarkaði myndi versna. Þróunin í þá átt hefur verið hægari en reiknað var með í upphafi.

Líklegt má telja að atvinnuleysi muni aukast eitthvað á næstu misserum, þó ekki eins mikið og reikna mátti með á tímabili.

Nýjstu niðurstöður Gallup könnunar fyrir Samtök atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands meðal stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins eru svipaðar og var í síðustu könnun. 14% fyrirtækjanna búast við fjölgun starfsmanna á næstu sex mánuðum en 24% við fækkun. Sú niðurstaða bendir til þess að starfsmönnum viðkomandi fyrirtækja gæti fækkað um 0,5% á næstu sex mánuðum, eða um rúmlega 600. Horfurnar eru því áfram frekar neikvæðar hvað fjölda starfa varðar.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.